



Fréttatilyfning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 23. apríl kl. 15:00. Formaður úthlutunarnefndar tilkynnir þá hvaða fyrirtæki hlýtur verðlaunin og forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir þau. Þá verður afhjúpað listaverk sem verðlaununum fylgir.

Einnig verða afhent þrenn heiðursverðlaun í tilefni af því að Útflutningsverðlaunin eru nú 20 ára. Heiðursverðlaunin hljóta einstaklingar sem á sviði vísinda, menningar og opinberra starfa hafa eflt sérstaklega stöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Fyrirtækin sem áður hafa hlotið Útflutningsverðlaun forseta Íslands eru:

- Lýsi hf. (2007)
- 3X-Stál (2006)
- Kaupþing banki hf (2005)
- Bláa Lónið (2004)
- Samherji hf (2003)
- Delta (2002)
- Go-Pro Landsteinar (2001)
- Bakkavör (2000)
- Atlanta (1999)
- SÍF (1998)
- Hampiðjan hf. (1997)
- Eimskipafélag Íslands hf. (1996)
- Guðmundur Jónasson hf. (1995)
- Sæplast hf. (1994)
- Íslenskar sjávarafurðir hf. (1993)
- Össur hf (1992)
- Flugleiðir (1991)
- Marel hf. (1990)
- Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (1989)

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Æskilegt er að þeir mæti í tæka tíð og taki tillit til þess í klæðaburði að um hátíðlega athöfn er að ræða.

23. apríl 2008